

Leiðbeiningar með **LESTRARKORTUM**

Til kennara

Markmið lestrarkortanna er að auka fjölbreytni í lestrarþjálfun, að mæta ólíkum þörfum nemenda í lestrarnámi og að nýta krafta lestrarþjálfara betur. Með þessu er reynt að tryggja að flestir nemendur nái góðum árangri í lestri, geti nýtt sér lestur með árangursríkum hætti í námi og lært að njóta hans.

Lestrarkortin þrjú

Lestrarkortin eru þrjú og endurspeglar verkefni framvindu í lestrarnámi flestra barna á fyrstu þremur til fjórum árum í grunnskóla. Kortin eru ekki bundin við bekk heldur stöðu nemandans í lestri og þannig geta börn í sama bekk verið með kort sitt á hverju þyngdarstigi. Líklegt er að allir nemendur í 1. bekk hafi gagn af því að byrja að þjálfna samkvæmt lestrarkorti á þyngdarstigi 1.

Skörun er á þjálfunaratriðum milli kortanna þar sem framvinda í lestrarnámi er bæði einstaklingsbundin og háð þroska nemenda. Í fyrsta kortinu eru þjálfunarþættirnir fimm meðan þeir eru þrír í þriðja kortinu. Þjálfunarþættirnir endurspeglar grunnstoðir læsis og er mikilvægt að nemendur fái góða þjálfun í þeim öllum svo þeir nái tókum á lestri og verði vel læsir.

Þjálfunarþættir

Með kortunum er lögð áhersla á að þjálfna fimm meginþætti læsis en þeir eru hljóðkerfisvitund, hljóðaaðferðin, lesfimi, orðaforði/lesskilningur og ritun. Það er mjög mikilvægt að lagður sé traustur grunnur að öllum þessum þáttum strax við upphaf lestrarnáms en það er gert með því að nýta niðurstöður úr skimunum¹ og bregðast við með rétttri íhlutun og þjálfun þar sem nauðsyn krefur. Strax við upphaf grunnskólagöngu liggja fyrir vísbendingar um forsendur til lestrarnáms og stöðu í lestri og er mikilvægt að kennarar nýti þær niðurstöður öllum nemendum til góða.

Ritunarverkefni í kortunum eru fyrst og fremst valin með gagnvirk tengsl lestrar og ritunar í huga á fyrstu stigum lestrarnáms en þeim er ætlað að styrkja lestrarferlið á þessu stigi í námi. Nemendur þurfa auðvitað einnig að fá tækifæri til að skapa og rita á eigin forsendum en sú vinna fer þá fram undir öðrum formerkjum en lestrarþjálfun.

Í kjölfar skimana

Ef niðurstöður skimana benda til vanda getur kennarinn lagt til að ákveðnir færniþættir séu þjálfaðir með því að afhenda foreldrum verkefni við hæfi og skrá inn í lestrarkortin upphafs- og lokadagsetningu þjálfunar á þessum þáttum. Þannig er hægt að nýta krafta lestrarþjálfara betur, gera þjálfun markvissari og auka líkur á góðum árangri. Mikilvægt er að kennari fylgi vinnunni eftir með því að endurmeta með óformlegum hætti hvort nemandi hafi náð tókum á færni eða ekki. Ef nemandinn hefur ekki náð tókum á færni þarf að þjálfna hana áfram.

¹ Bakgrunnsupplýsingar úr leikskóla, niðurstöður úr Hljóm-2, Stafakönnun, Lesferill – lesskimun í 1. bekk, mat á lesfimi, orðleysulestri og sjónrænum orðaforða (Lesferill) og framvinda í lestrarnámi í samanburði við jafnaldra.

Þjálfun og eftirfylgni

Lestrarkortunum er ætlað að halda utan um lestrarþjálfunina heima og nýta krafta lestrarþjálfara betur eins og áður segir. Samkvæmt kortunum er gert ráð fyrir að lestur sé þjálfaður fimm daga vikunnar 10–15 mínútur í senn en auðvitað er best að æfa lestur, í einhverju formi, alla daga vikunnar. Ef nemendur sinna heimavinnu í lestri vel ættu þeir að velja sér eitt annað verkefni til að styrkja færni sína og þjálfa hana í aðrar 10 mínútur. Lestrarþjálfari ber ábyrgð á þjálfun lestrar og annarrar færni en kennari ber ábyrgð á að velja viðfangsefni þjálfunar og fylgja eftir skráningu. Góð eftirfylgni verður seint ofmetin en hún sendir einnig þau skilaboð að þjálfunin sé mikilvæg og því verða kennarar að leggja góða rækt við eftirfylgnina.

Lestrardagbók

Sum verkefnanna, t.d. ritunarverkefnin, þarf að skrá einhvers staðar og þá getur verið gott að nota stílabók sem lestrardagbók. Í hana getur líka verið gott að skrifa ýmislegt sem viðkemur lestrar-kennslunni eða þjálfuninni heima.

Tillögur að verkefnum

Lestrarkortunum fylgja tillögur að þjálfunarefni sem nota má til að þjálfa einstaka færniþætti. Listinn er ekki tæmandi og þekkja kennarar örugglega ýmiss konar verkefni, leiki og aðferðir sem þeir hafa notað til að bæta færni nemenda sinna. Það getur tekið kennara nokkurn tíma að kynnast öllum verkefnum en þá er um að gera fyrir kennara að vinna saman og einsetja sér það að útbúa og kynnast einu verkefni í einu.

Varast ber að nota sömu verkefnin lengi í einu svo þau verði ekki leiðigjörn og hætti að þjóna tilgangi sínum. Kennarinn þarf því sífellt að vera vakandi yfir því hvort nemandinn hafi náð tilskilinni færni með því að meta hana í lok vinnu og velja þá nýtt verkefni sem ýtir nemandanum í átt að enn meiri færni. Ef kennari vill þjálfa annars konar færni en tíunduð er í lestrarkortunum er ein auð lína í hverri töflu þar sem kennari getur skrá þá færni sem hann vill að nemandinn þjálfði betur.

Að gefa sér tíma

Það er augljóst að vinnubrögðin, sem lestrarkortin kalla á, gera auknar kröfur til kennara en þeir þurfa að vera mjög meðvitaðir um stöðu nemenda sinna og bregðist við á réttan hátt. Það getur því tekið þá dálítinn tíma að kynnast bæði fyrirkomulaginu og verkefnum sjálfum. Með því að byrja smátt og gefa sér tíma til að öðlast yfirsýn og slípa til skipulag þjálfunar má vera ljóst að ávinningurinn er miklu meiri fyrir nemandann heldur en ef aðeins er þjálfað samkvæmt hefðbundnu þjálfunarfyrirkomulagi. Það er t.d. hægt að þjálfa marga nemendur í sömu færninni á sama tíma en nemendur geta þurft að hafa sama kortið í nokkra mánuði á meðan þeir eru að ná tókum á þeirri færni sem kortið endurspeglar.

Upplýsingar til foreldra

Þrátt fyrir að reynt hafi verið að hafa lestrarkortin einföld í notkun er ekki ólíklegt að kennarar þurfi að útskýra notkunina fyrir foreldrum. Þess vegna var brugðið á það ráð að útbúa stutta glærुकynningu sem kennarar geta notað til að kynna kortin á upplýsingafundi með foreldrum strax að hausti eða þegar þeir kjósa að taka kortin í notkun. Glærurnar geta einnig komið að góðum notum þegar rifja á upp tilgang og notkun kortanna.